

Ísland ljóstengt 2017

Fyrirspurnir sem bárust fyrir 26. janúar 2017 og svör við þeim

Spurning 13:

Í framhaldi af spurningu og svari 12: Nú geta aðilar verið mismunandi sem eiga kost á tengingu um nýtt ljósleiðarakerfi sveitarfélags. Í flestum tilfellum er um að ræða heimili og á þá svar við spurningu 12 mjög vel við þ.e., ef rétt er skilið, að miða skuli við almenna verðskrár á öðrum sambærilegum kerfum og jafnvel að tryggja að tengigjald fyrir ljósleiðaraheimtaug sé hið sama eða svipað í þéttbýli og dreifbýli innan sama sveitarfélags.

a. Geta eigendur nýrra ljósleiðarakerfa í dreifbýli alfarið ráðið verðlagningu á ljósleiðaratengingum fjarskiptastaða fyrir t.d. 3G/4G kerfi og ljósleiðarastofntengingum sem fara, jafnvel án viðkomu í tengistað, þvert í gegnum kerfi sveitarfélags?

b. Gildir annað ef rekstraraðili eða eigandi slíks kerfis er Míla?

Svar 13a: Slík tenging telst vera heildsala nets sveitarfélagsins til fjarskiptafyrirtækis. Slík heildsala er undir verðeftirliti PFS, sem yfirfer og staðfestir einstök heildsöluverð ríkisstyrktra neta. Við yfirferð Póst- og fjarskiptastofnunar á heildsölugjaldskrá seljanda mun stofnunin hafa niðurstöðu úr verðsamanburði til hliðsjónar við ákvörðun hámarksverðs, í samræmi við leiðbeinandi reglur ESA.

Svar 13b: Almennt gildir það sama, hafi viðkomandi netuppbygging notið ríkisstyrks. Jafnframt er bent á að Míla er einnig undir kvöðum, þar með talið kvöð um eftirlit með gjaldskrá, sem aðili með umtalsverðan markaðsstyrk á báðum heildsölumörkuðum sem um ræðir, þ.e. lúkningarluti leigulína og stofnlínuhluti leigulína.

Spurning 14:

Sveitarafélag fær styrk vegna tengistaðar en íbúi, á stað sem var á upprunalegum styrkhæfum staðarlista, vill ekki/getur ekki greitt tengigjaldið. Getur íbúi þessi samt sem áður krafist þess að lagður verði ljósleiðari að húsi sínu eða inn fyrir húsvegg? Hvað segja reglur fjarskiptasjóðs um þetta?

Svar 14:

Nei, íbúinn getur ekki „krafist“ þess að verða tengdur á grundvelli skilmála fjarskiptasjóðs. Sveitarfélagið útbýr staðarlista fyrir verkefnið og viðheldur honum. Upprunalegur staðarlisti til grundvallar styrktarsamningi skuldbindur ekki sveitarfélag til þess að tengja staði á þeim lista undantekningalaust. Mistök eða misskilningur geta orðið sérstaklega við frumgerð staðarlista, breytingar geta orðið á búsetu og verkáætlun o.s.frv. Staðarlistar geta því tekið breytingum og gagnvart sjóðnum skiptir mestu að veittur styrkur vegna t.d. 50 staða fari þá í að tengja 50 styrkhæfa staði innan þeirra tímamarka sem styrktarsamningur segir til um.

Sjóðurinn verður að passa upp á að sveitarfélög taki peninga sjóðsins (almannafé) ekki úr leik til að nota til uppbyggingar einhvern tímann næstu árin á meðan að önnur sveitarfélög vilja og geta framkvæmt strax.

Spurning 15:

Í 4. gr. tækniskilmála segir að fjarskiptastaðir eru almennt styrkhæfir. Gildir þetta um;

- a. alla fjarskiptastaði og
- b. einnig fjarskiptastaði sem eru þegar tengdir með ljósleiðara?

Svar 15a:

Það eru ekki jafn mikilvægt að ljósleiðaratengja alla mögulega fjarskiptastaði. Almenn og víðtæk ljósleiðaravæðing dreifbýlis leysir til að mynda af koparkerfið af hólmi sem fastlínutenging. Þannig má ná umtalsverðri hagræðingu og einföldun með niðurlagningu á fjölda af minni sveitarsímstöðvum sem eru hluta af gamla koparkerfinu. Fjarskiptastaður verður þó aðeins tengdur að eigandi hans óski þess og að hann greiði tengigjaldið.

Sendastaðir fyrir radiófjarskipti hvers konar eru jafnframt mismunandi að mikilvægi hvað þetta varðar. Einnig ætti að bera undir eigendur/rekstraraðila slíkra fjarskiptastaða hvort að þeir óski eftir tengingu hafi þeir ekki gert það nú þegar. Öfugt við sveitasímstöðvar þá eru fjarskiptastaðir, fyrirliggjandi og nýir, fyrir 3G/4G og neyðarfjarskipti, mjög mikilvægir upp á framtíð þráðlausra fjarskipta að gera innan sveitarfélaga. Miklu skiptir fyrir alla hagsmunaaðila og íbúa að slíkir staðir fái ljósleiðaratengingu séu þeir ekki þegar tengdir.

Svar 15b:

Fjarskiptastaðir hvers konar sem eru þegar tengdir með ljósleiðara eru ekki styrkhæfir hjá fjarskiptasjóði.

Spurning 16:

Tvennum sögum fer af því hvort það sé „betra“ að leggja ídráttarrör fyrst, draga svo ljósleiðarastreng í rörið EÐA leggja strenginn beint í jörðu. Eru báðar aðferðir styrkhæfar gagnvart fjarskiptasjóði?

Svar 16:

Þessar aðferðir hafa báðar kosti og galla miðað við tiltekna aðstæður. Fjarskiptasjóður gerir í sínum skilmálum ekki upp á milli þeirra. Margt mælir með því strengir séu lagðir í rör á helstu stofnleiðum sem og á þéttbýlli svæðum sem gefur möguleika á endurnýjun/fjölgun/stækkun stofnstrengja án teljandi jarðvinnu sem er jú stærsti einstaki kostnaðarliðurinn í ljósleiðaraframkvæmdum. Heimtaugar má hins vegar vel leggja beint í jörð. Sjái sveitarfélag fram á umtalsverðan kostnaðarmunur eða er í vafa gagnvart þessum tveimur aðferðum eða blandaðri aðferð, þá gæti verið skynsamlegt að senda inn styrkumsókn fyrir hverja útfærslu.